

Nd. 886. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkissjóður skal árlega greiða Framkvæmdasjóði aldraðra, sbr. lög nr. 91/1982, með síðari breytingum, framlag er nema skal 2,75% af þeirri fjárhæð sem um ræðir í 2. mgr. Um skil á framlagi ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein skulu gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr. l. nr. 91/1982 eftir því sem við getur átt.
2. Við 11. gr. Á eftir 6. mgr. B-liðar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
3. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.